

VERKSAMNINGUR

[*fyrirtæki/framleiðandi; kt; heimilisfang*] (hér eftir nefnt Verkkaupi) og [Hönnuður/umboðsaðili; kt; heimilisfang] (hér eftir nefndur Hönnuður) gera með sér eftirfarandi **samning um ákveðið verk**:

Efni

1. Undir samkomulagið fellur verkið [*nafn Hönnunar/nafn hönnunarlínu/nafn Hönnuðar*] (hér eftir nefnd Hönnun).

Framkvæmd Hönnunar:

2. Hönnuður tekur að sér að framkvæma eftirfarandi Hönnun fyrir Verkkaupa sem felst í því að [*stutt hönnunar- og verk lýsing*]. Nánari lýsing Hönnunar er í fylgiskjali með samningnum [*sbr. skrifleg verkáætlun, teikningar, öll vinnsluskjöl, prótótýpa osfrv.*]
3. Verkkaupi hefur heimild til að fylgjast með framvindu Hönnunar að því leyti sem því verður til komið.
4. Allar breytingar sem verða gerðar á Hönnun síðar meir eru háðar samþykki beggja samningsaðila og leiða til nýs samkomulags og greiðslna.

Afhending Hönnunar

5. Afhending Hönnunar fer fram við verklok.
6. Tafir sem á engan hátt má rekja til hegðunar eða sakar Hönnuðar, eru vegna ástæðna þriðja aðila, eru óumflýjanlegar og Hönnuður hefur ekki ráð á, geta breytt afhendingardegi og skal þá Hönnuður tilkynna Verkkaupa það með nægilegum fyrirvara.
7. Við verklok skal Verkkaupi fara yfir Hönnun og samþykkja. Eftir að Verkkaupi hefur samþykkt Hönnun er Hönnuður á engan hátt ábyrgur fyrir bilunum, göllum í framleiðslu eða annað sem upp getur komið, nema sannanlega sé hægt að sýna fram á saknæma hegðun Hönnuðar.
8. 6 mánuðum eftir afhendingu Hönnunar hefur Verkkaupi ekki neina kröfu á hendur Hönnuðar sem gætu náð til einhverra galla, hvort sem galli var leyndur eða hvort sem um er að kenna saknæmri háttsemi Hönnuðar.
9. Hönnuður er ekki ábyrgur fyrir útkomu eða móttökum af notkun Hönnunar.

Gildistími og samningssvæði

10. Samningur þessi tekur gildi við undirritun og gildir til verkloka, sbr. þó 11. gr.

11. Verkkaupi hefur heimild til að nota Hönnunina og réttindi tengd henni í [*tími*] ár frá verklokum. Öll notkun eftir þann tíma skal semja sérstaklega um.
12. Verklok eru áætluð [*dags.*]
13. Samningssvæði er [*Ísland/heimurinn allur*]¹

Skuldbindingar Hönnuðar

14. Hönnuður skuldbindur sig til þess að skila Hönnun sinni til Verkkaupa og á tilsettum tíma miðað við verkáætlanir, nema utanaðkomandi aðstæður hamli, sem Hönnuður hefur ekki stjórn á.
15. Hönnuður skal vinna Hönnun sína og skila miðað við gæðakröfur þær sem gerðar eru til hágæða verka á þessu sviði og skal gæta þess að fara eftir ýtrustu faglegum kröfum í þessu sambandi.
16. Hönnuður skuldbindur sig til að vinna ekki að samskonar verkum fyrir aðra aðila á samningstímanum.
17. Hönnuður ábyrgist jafnframt að hann muni ekkert það aðhafast við framkvæmd Hönnunar síns sem skaðað geti orðspor Verkkaupa.

Skuldbindingar Verkkaupa

18. Verkkaupa er skylt að verða Hönnuði úti um það vinnsluefni, afurðir, tæki og tól sem Hönnuður þarf við vinnu Hönnunarins, eftir því sem við á.
19. Verkkaupi annast [*þróun/framleiðslu/markaðssetningu/dreifingu/útflutning og/eða sölu*] á þeim vörum sem byggjast á Hönnun.
20. Verkkaupi skal hefja framleiðslu afurða byggða á Hönnun ekki seinna en [*tími*] eftir verklok.

Verkgreiðsla og uppgjör

21. Verkkaupi greiðir Hönnuði sem fullnaðargreiðslu fyrir Hönnun og réttindi tengd henni að fjárhæð [*upphæð*] að því tilskyldu að Hönnuður uppfylli allar skyldur sínar samkvæmt samningi þessum. Greiðslur skulu greiddar á eftirfarandi hátt:
 - a. [*upphæð/dags.*]
 - b.
 - c. [*upphæð/dags. lok Hönnunar*]

¹ Hér skiptir máli hvort verk takmarkist einungis við heimamarkað og þann tíma sem Verkkaupi hefur til að nota Hönnun. Ef markaður er allur heimurinn skal setja tímaákvæði í verksamninginn um hvenær Verkkaupi skuli hefja útrás á alþjóðlegan markað

Þóknun og uppgjör

22. Verkkaupi skal greiða Hönnuði [%]² af [heildsöluverði/útsöluverði/nettóverði] í þóknun að frádregnum virðisaukaskatti vegna sölu, dreifingar og annarrar fjárhagslegrar hagnýtingar þeirra Hönnunar sem Hönnuður hefur unnið að fyrir Verkkaupa samkvæmt samningi þessum.
23. Þóknunarréttur Hönnuðarskal gilda frá og með dagsetningu samnings þessa og yfir það tímabil sem getið er um í 10. og 11.gr.
24. Uppgjör greiðslna skulu fara fram:
 - a. [dags.]
 - b. [dags]
 - c. ...
25. Uppgjörsyfirlit skal teljast endanlegt og bindandi fyrir báða aðila, nema Hönnuður geri athugasemd við það innan 12 mánaða frá dagssetningu uppgjörsyfirlits.

Hugverkaréttur

26. Hönnuður er höfundur Hönnunar og nýtur þeirrar verndar og þeirra réttinda sem kveðið eru á um í íslenskum höfundalögum nr. 72/1973.
27. Sæmdarrétt Hönnuðar skal virða og getur Hönnuður neitað dreifingar-, kynningar- eða öðrum framleiðsluleiðum ef honum þykir vegið að sæmdarétti sínum.
28. Ávallt skal nafngreina Hönnuð í tengslum við notkun Verkkaupa á Hönnuninni, þegar því verður við komið.
29. Hönnuður framselur Verkkaupa [*einkarétt/aðgang*] á að nota Hönnunina auk afurða sem byggða eru á Hönnuninni.
30. Aðilum er óheimilt að framselja réttindi og skyldur samkvæmt samningi þessum til þriðja aðila, hvort sem er að hluta eða í heild nema með skriflegu samþykki gagnaðila.
31. Hönnuði er ekki heimilt að nota, þróa, framleiða, markaðssetja, dreifa, flytja út og/eða selja verkið eða vörur sem eru byggðar á verkinu eða að endurgera verkið nema í samráði við Verkkaupa, nema er varðar notkun vegna kynningar í ferilskrá og á heimasíðu hönnuðar, eða öðrum almennum persónulegum vettvangi Hönnuðar, enda sé sú notkun ekki í fjárhagslegum tilgangi.

² Hér skiptir máli aðkoma verkkaupa, samningssvæði, tími og framsal.

32. Hönnuður ábyrgist að hann noti ekki og muni ekki nota hugverk þriðja aðila við vinnu sína fyrir Verkkaupa, nema fyrir liggja skýr framsalgerningur um notkun hugverksins á milli þriðja aðila og Verkkaupa eða Hönnuðar. Hönnuður skal halda Verkkaupa skaðlausum af öllum kröfum þriðja aðila sem rísa kynnu vegna brota Hönnuðar á hugverkarétti þriðja aðilar.
33. Hyggist hönnuður nota hugverk þriðja aðila eða Verkkaupa við Hönnun, skal Hönnuður tilkynna Verkkaupa það fyrirfram.
34. Öll vinnslugögn vegna Hönnunar eða önnur fylgiskjöl eða hlutir þess eru eign Hönnuðar en Verkkaupi hefur aðgang að þeim eins og nauðsynlegt er við framleiðslu á vörunum.
35. Ef réttur til vörumerkis er hluti Hönnunar framselur hönnuður [einkarétt/aðgang] til að nota vörumerki vegna Hönnunar og/eða vegna vöru sem er framleidd og markaðssett eftir Hönnuninni til verkkaupa.
36. Ef Verkkaupi óskar eftir gjaldþrotaskiptum eða er tekið til gjaldþrotaskipta að kröfu þriðja aðila þá skulu öll réttindi tengd Hönnun færast sjálfkrafa yfir til Hönnuðar frá og með þeim degi sem kveðinn er upp úrskurður um gjaldþrotaskipti Verkkaupa.

Riftun og vanefndir

37. Ef Verkkaupi vanefnir samkomulagið getur Hönnuður hætt framkvæmd við Hönnun þangað til vanefnd hættir og/eða krafist þess að Verkkaupi hætti allri framleiðslu, markaðssetningu og dreifingu á vörum tengdum Hönnuninni og allri annarri notkun byggða á Hönnuninni. Að auki getur Hönnuður krafist skaðabóta þannig að þóknun Hönnuðar skv. 1. gr. samkomulagsins hækkar í 15% af seldum vörum eftir vanefnd.
38. Ef Hönnuður vanefndir samkomulagið getur Verkkaupi haldið eftir greiðslu og þóknun til Hönnuðar þangað til vanefndir hætta.
39. Veruleg og ítrekuð vanefnd getur einnig leitt til riftunar samkomulagsins. Riftunin tekur þá gildi 30 dögum eftir að skrifleg tilkynning berst.

Niðurlag

40. Þetta samkomulag er gert af vitund beggja aðila, er heildstætt og verður ekki breytt nema með skriflegu samþykki beggja aðila.
41. Ef aðilar verða ósammála um einhver atriði samkomulagsins skal reka mál fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur.

Undirritun og eintök samnings.

42. Öllu framanrituðu til staðfestu rita fulltrúi Verkkaupa og fulltrúi Hönnuðar nöfn sín undir samning þennan í viðurvist tveggja vitundarvotta.
43. Samningurinn er gerður í tveimur samhljóða eintökum og heldur hvor aðili sínu eintaki.

Dagsetning og staður

Verkkaupi

Hönnuður

Vitundarvottar að rétttri
dagsetningu og undirskriftum aðila

Nafn og kennitala

Nafn og kennitala